


Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8 -10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. febrúar 2005.

Allsherjarnefnd Alþingis hefur sent Ríkisútvarpinu til umsagnar tillögu til þingsályktunar um nýjan þjóðsöng, 279. mál.

Lofsöngurinn “Ó, Guð vors lands” hefur órjúfanlega skírskotun til þjóðarsögunnar í 130 ár og hefur verið fluttur á hátíðlegustu stundum íslensku þjóðarinnar, Hann hefur hljómað í Ríkisútvarpinu reglulega í 75 ár, ýmist sunginn eða í hljómsveitarútsetningum. Hinn trúarlegi andi þjóðsöngsins á sterkan hljómgrunn hjá þjóðinni og vekur eftirtekt þeirra, sem kynnast honum á erlendri grund, enda hafinn yfir hernaðaranda eða þjóðernisrembu, sem einkennir marga þjóðsöngva annarra landa. Hefur ágætlega til tekizt með “Ó, Guð vors lands” og ekkert tilefni er til að láta hann víkja fyrir öðrum síðari tíma ættjarðarsöngvum.

Virðingarfyllst,



Markús Örn Antonsson